
1915 nr. 31 3. nóvember

Lög um viðauka við 1. gr. laga nr. 29 16. desember 1885, um lögtak og fjárnám án undangengins dóms eða sáttar

Tóku gildi 28. janúar 1916.

□ Gjöld til kirkjufélaga utan þjóðkirkjunnar, er fengið hafa sér löggiltan prest eða forstöðumann, má taka lögtaki, enda sé niðurjöfnun á gjöldunum eða gjaldskrá staðfest af stjórnarráðinu.